

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
06. maí 2011 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. apríl 2011
Tilvísun: UST20110300090/abg

Umsögn um deiliskipulagsbreytingu hjá Austurhöfn.

Vísað er í erindi Reykjavíkurborgar dags. 15.mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi deiliskipulagsbreytingu á svæðinu milli Hafnarstrætis og tónlistarhússins, Austurhöfn TRH.


Umferð og hávaði.


Hávaðamat, sem unnið er af Mannviti, tekur mið af nýrri reglugerð um hávaða nr. 724/2008 en í henni eru skilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða vegna umferðar ökutækja. Í matinu kemur fram að umferð á svæðinu hafi verið áætluð upp á nýtt í samræmi við breyttar forsendur en nýjar umferðartölur gefa til kynna minni umferð en þá sem gert var ráð fyrir í fyrra mati. Einnig er tekið inn í matið lækkun á umferðarhraða niður í 30 km/kls.

Niðurstöður hljóðhermunar gefa til kynna minni hávaða en gert var ráð fyrir í fyrri útreikningum og telur Umhverfisstofnun það vera jákvætt. Í matinu kemur þó fram að hávaði verði yfir mörkum í hótélherbergjum sem hafa glugga á suðurhlíðum hótelsins, í íbúðum á norðurhlíð er snýr að Geirsgötu og á opnu svæði umhverfis Hörpu. Ekki er gert ráð fyrir að hávaði frá umferð muni hafa áhrif á starfsemi í Hörpu né muni verða vandkvæði að uppfylla skilyrði í reglugerð varðandi mörk fyrir hávaða inni í þeim vinnustöðum (banki, skrifstofur, verslanir, listaháskóli) sem gert er ráð fyrir á svæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu Mannvits um að grípa þurfi til aðgerða til að minnka hávaða í þeim tilvikum þar sem hávaði fer yfir mörk reglugerðar. Einkum er þetta mikilvægt í þeim íbúðum þar sem hávaði reiknast yfir mörkum reglugerðar.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir